



Efling - stéttarfélag

KRÖFUGERÐ TIL SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

VEGNA ENDURNÝJUNAR KJARASAMNINGA
SEM RENNA ÚT 1. NÓVEMBER 2022

Verðbólga og góð afkoma fyrirtækja kalla á hækkanir

Líkt og ætíð þegar kjarasamningagerð stendur fyrir dyrum hefur áróðursmaskína auðmagnseigenda hafið störf. Líkt og ætíð er boðskapurinn sá að greiðsla mannsæmandi launa til verkafólks sé stórhættuleg samfélaginu, ef ekki hreinlega brot á náttúrulegum málum. Rykið hefur verið dustað af kreddunni um að laun séu meginorsök verðbólgu.

Hljómur þessa málflutnings hefur alltaf verið holur en þó aldrei verið falskari en nú. Verkafólk ber hvorki ábyrgð á stríðsátökum, heimsfaraldri né ákvörðunum fyrirtækja um að hækka vöruverð til neytenda.

Verkafólk þarf hins vegar að geta lifað af launum sínum. Hækkandi verð á lífsnauðsynjum verkafólks kallar á hærri laun en ella, ekki lægri. Það er frumskilyrði í komandi kjarasamningagerð að afkoma launafólks sé varin gegn áhrifum verðbólgu.

Afkoma fyrirtækja, sem og almennur hagvöxtur, hefur ekki verið betri síðan árið 2007. Fyrirtækjaeigendur njóta arðs af eignum sínum á sama tíma og launatekjur eru í bráðri hættu. Allar forsendur og tilefni eru því til þess að standa vörð um kaupmátt hinna lægst launuðu, og gera enn betur: Auka kaupmátt lægstu launa og jöfnuð í samfélaginu.

Þau sem skapa verðmætin og halda uppi grunnkerfunum eiga heimingu á hlutdeild í hagvexti og auði landsins.

Framhald Lífskjarasamningsins: Krónutöluhækkanir

Samninganefnd Eflingar fer fram á kjarasamning sem gildi til 1. nóvember 2025, eða til þriggja ára, þar sem byggt verði á forsendum og árangri Lífskjarasamningsins. Líkt og þá verði umsamdar hækkanir á formi krónutöluhækkana. Krónutöluhækkanir tryggja kaupmátt hinna efnahagslega verst settu, og vinna auk þess gegn óþörfu og óréttlátu launaskriði í efri lögum samfélagsins.

Kjarakönnun Eflingar sýnir að algjör einhugur er meðal félagsfólks um sérstakar hækkanir lægstu launa. Krónutöluhækkunir eru öflug leið til þess, og reynsla Lífskjarasamningsins sýnir að aðilar vinnumarkaðarins geta náð saman um slíka leið.

Opinber kjaratölfræði staðfestir jafnframt að leið krónutöluhækkana skilar árangri: Kaupmáttur lægstu launa hækkaði mest á tímabilinu 2019-2022. Halda ber áfram á þeirri braut – í átt að samfélagi jöfnuðar og félagslegs stöðuleika.

Heildarhækkun 167.000 kr. með framfærsluuppbot

Heimili láglaunafólks hafa búið við langvarandi hallarekstur. Sú krónutöluhækkun sem samið er um þarf að vinda ofan af því óþolandi ástandi að ráðstöfunartekjur láglaunafólks séu undir framfærsluviðmiðum.

Samninganefnd leggur til þrjár árlegar hækkanir mánaðarlauna á samningstíma, sem verði misjafnlega háar á hverju ári í samræmi við verðbólguþá hvers árs. Sérstök framfærsluuppbot komi að auki í formi hækkunar mánaðarlauna sem nemi 30 þúsund krónum.

Samanlögð krónutöluhækkun á öll mánaðarlaun verði 167 þúsund krónur við lok samningstíma. Bera má þessa hækkun saman við þá 102.500 króna hækkun sem náðist á samningstíma Lífskjarasamningsins að meðtöldum hagvaxtarauka.

<i>Krónutöluhækkunir mánaðarlauna á samningstíma</i>	
Framfærsluuppbot	30.000 kr.
Hækkun 2022	56.700 kr.
Hækkun 2023	47.700 kr.
Hækkun 2024	32.600 kr.
Samtals hækkun	167.000 kr.

Kaupmáttur og hlutdeild í hagvexti tryggð í langtímasamningi

Tilgreindar launahækkunir tryggja aukinn kaupmátt lægstu launa og verja núverandi kaupmátt meðallauna miðað við verðbólguþá. Jafnframt tryggir hún að þeir sem eru undir meðallaunum fá hlutdeild í þeim ágæta hagvexti sem er spáð næstu þrjú árin. Framfærsluuppbotin er mikilvægt skref í átt að því að hægt sé að lifa af launum verkafólks.

Samninganefnd Eflingar vill gera kjarsamning til langs tíma en vill jafnframt fyrirvara sem tekið geta tillit til breyttra aðstæðna. Því vill nefndin að samningurinn sé með forsendu um að launalið beri að endurskoða ef verðbólga fari meira en 1% yfir þær spár sem byggt er á.

Orlof lengt – álag og ábyrgð metin

Alltof stór hópur Eflingarfélaga býr við ofurálag í vinnu, bæði í álagi og ábyrgð, líkt og kjarakönnun sýnir fram á. Margir Eflingarfélagar þurfa að setta sig við fyrirvaralausau aukningu vinnuálags á dögum þegar undirmönnun ber að dyrum. Margir Eflingarfélagar bera ábyrgð á

lífi og limum skjólstæðinga og þjónustuþega umfram það sem laun og starfslýsingar gera ráð fyrir. Meta þarf þessa ábyrgð og álag til launa.

Verka- og láglaunafólk hrökklast af vinnumarkaði fyrir aldur fram sökum slítandi vinnu og lífslíkur þeirra mælast jafnvel styttri en annarra. Eflingarfélagar hafa brýna þörf fyrir hvíld frá vinnu eins og aðrir. Því eiga Eflingarfélagar á almenna vinnumarkaðnum augljóslega að njóta sömu orlofsréttinda og félagar þeirra sem starfa hjá hinu opinbera. Er þess vegna krafist 30 daga orlofs fyrir alla.

Ræða þarf af fullri alvöru um möguleika til styttingu vinnuvikunnar hjá Eflingarfélögum á almenna vinnumarkaðinum, án þess að afleiðingin sé enn meira álag eða skerðing á nauðsynlegri hvíld í vinnu.

Gegn brotum og mismunum

Eflingarfélagar hafa árum saman krafist aðgerða vegna kjarasamningsbrota. Tryggja þarf strangar afleiðingar fyrir launabjófnað. Stórbæta þarf framfylgd þegar umsaminna réttinda í samningum svo sem lágmarksfyrirvara um breytingar á vaktaplönnum, gerð ráðningarsamninga og starfslýsinga sem rýma saman, hvíldartíma bílstjóra og viðunandi aðbúnað í gistingu á ferðum um landið.

Eflingarfélagar af fjölbreyttum uppruna krefjast þess að þeim sé ekki mismunað í vinnu sökum menntunar eða tungumálafærni.

Í komandi kjarasamningagerð verður fjöldi annarra mála utan launaliðar sem Eflingarfélagar munu setja á dagskrá. Kröfugerð þessari er því skilað með fyrirvara um viðbætur og breytingar.

Reykjavík, 31. október 2022

Sólveig Anna Jónsdóttir

Sólveig Anna Jónsdóttir

f.h. samninganefndar Eflingar - stéttarfélags